

## Ágæti viðtakandi

Á næstunni mun starfsmaður Gallup hafa samband við þig símleiðis fyrir hönd Hagstofu Íslands vegna rannsóknar á ferðavenjum Íslendinga.

### Ferðavenjurannsóknin

Rannsóknin veitir mikilvægar upplýsingar um ferðavenjur Íslendinga. Sambærilegar rannsóknir eru framkvæmdar í öðrum löndum Evrópu og er því mögulegt að bera niðurstöðurnar saman við aðrar þjóðir.

### Hverjum er boðin þátttaka?

Þú ert í hópi 3.000 einstaklinga sem valdir hafa verið af handahófi úr þjóðskrá til að taka þátt í þessari rannsókn. Niðurstöðurnar munu veita mikilvægar upplýsingar um ferðalög Íslendinga, bæði viðskipta- og skemmtiferðir. Öll svör skipta máli og er mikilvægt að allir svari hvort sem þeir hafa ferðast eða ekki.

### Um hvað er spurt?

Flestar spurningar eru um ferðalög innanlands og erlendis t.d. áfangastaði, gistingu, ferðamáta og ýmsan kostnað.

### Úrvinnsla og meðferð gagna

Fyllsta trúnaðar verður gætt við úrvinnslu rannsóknarinnar. Allir þeir sem vinna með gögnin hafa undirritað trúnaðarheit og eru bundnir þagnarskyldu. Þetta á bæði við um starfsmenn Hagstofu Íslands og þá starfsmenn Gallup sem koma að rannsókninni. Einungis verða birtar heildarniðurstöður úr rannsókninni og því ekki hægt að rekja svör til einstakra þátttakenda.

### Um Hagstofu Íslands

Hagstofa Íslands er miðstöð opinberrar hagskýrslugerðar í landinu og vinnur að söfnun gagna, úrvinnslu og birtingu tölfræðilegra upplýsinga um landshagi Íslands og þjóðfélagsleg málefni. Hagstofa Íslands hefur heimild til söfnunar gagna samkvæmt lögum nr. 163/2007. Allar frekari upplýsingar má finna á heimasíðu stofnunarinnar: <http://www.hagstofa.is>

Vakni spurningar varðandi þátttöku í rannsókninni er þér velkomið að hafa samband við Jónu Karen Sverrisdóttur [jona.sverrisdottir@gallup.is](mailto:jona.sverrisdottir@gallup.is) eða Friðrik Björnsson [fridrik.bjornsson@gallup.is](mailto:fridrik.bjornsson@gallup.is). Einnig er hægt að hringja í **540 1200**.

Virðingarfyllt,



---

Ólafur Hjálmarsson,  
hagstofustjóri